

UPPFÆRSLA Á KJARASAMNINGI
milli
Orkuveitu Reykjavíkur
og
Sambands stjórnendafélaga STF f.h. aðildarfélaga

1. gr.

Kjarasamningur aðila framlengist og gildir frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024 með þeim breytingum sem hér greinir.

2. gr.

Almenn launahækkun

Launahækkun sammingsins er í formi hlutfallshækkunar og hámarks krónutöluhækkunar.

Þann 1. nóvember 2022 taka mánaðarlaun almennri hækkun um 6,75%, þó að hámarki kr. 66.000.

Kjaratengdir liðir og desember- og orlofsuppbætur

Kjaratengdir liðir kjarasamningsins hækka um 5% frá sömu dagsetningum.

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf verður:
Á árinu 2023 kr. 119.700

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf verður:
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2023 verður orlofsuppbót kr. 56.000

Hagvaxtarauki

Með framangreindum hækkunum hefur hagvaxtarauka skv. kjarasamningi aðila, sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023, verið flýtt og að fullu efndur. Jafnframt er samkomulag um að með þessari hækkun og flýtingu komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningi 2019-2022.

3. gr.

Afgreiðsla kjarasamnings

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamnings eigi síðar en mánudaginn 24. apríl 2023 kl. 12:00.

Reykjavík, 12. apríl 2023

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur

Elinkei Adalsteinsson

F.h. Sambands stjórnendafélaga STF

Jóhann Baldursson
Guðrún Elvísdóttir